

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á  
ráðstefnu Siðfræðistofununar Háskóla Íslands, *Ríkir gott  
siðferði í íþróttum?* Haldið í Öskju laugardaginn 4. nóvember  
2017 kl. 10.00**

Forseti Íslands, góðir gestir.

Góðan dag öll sömul. Það er mér heiður og ánægja að setja þessa ráðstefnu um siðferði og íþróttir. Ég vil nota tækifærið og þakka Guðmundi Sæmundssyni og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands fyrir að hafa frumkvæði að því stefna hér saman breiðum hópi sérfræðinga og forystufólki úr íþróttahreyfingunni til að leita svara við spurningunni sem er yfirskrift ráðstefnunnar: Ríkir gott siðferði í íþróttum? Spurningin lýtur bæði að því siðferði sem ríkir í einstökum kappleikjum og keppnisgreinum en einnig að því siðferði sem ríkir í öllu starfi íþróttahreyfingarinnar hér innanlands og á alþjóðlegum vettvangi. Spurningin er þannig afar brýn fyrir sjálfa íþróttahreyfinguna og um leið fyrir samfélagið allt. Án góðs siðferðis snúast íþróttir upp í andhverfu sína og grafa undan farsælu samfélagi og spilla samskiptum þjóðanna.

Siðfræði íþróttar er tiltölulega ung þverfræðileg grein sem er á mörkum heimspekilegrar siðfræði annars vegar og íþróttufræða, heilbrigðisvísinda, félagsvísinda og fleiri greina hins vegar.

Viðfangsefni íþróttasiðfræðinnar eru fjölbreytt og hverfast meðal annars um siðferðileg gildi og dygðir sem liggja íþróttum og ástundun þeirra til grundvallar, s.s. sanngirni, heilindi, ábyrgð á eigin heilsu og líkama og virðingu fyrir öðrum – það sem í daglegu tali er kallað íþróttamennska eða ólympíuandi.

Íþróttir leika gríðarlega stórt hlutverk um allan heim á okkar tímum og hefur útbreiðsla þeirra aldrei verið meiri. Til marks um það má nefna að aðildarríki alþjóða knattspyrnusambandsins FIFA eru nú 211 að tölu og er sambandið því stærra en Sameinuðu þjóðirnar með sín 193 aðildarríki.

Það er sannarlega gleðiefni hversu margir leggja stund á íþróttir í einhverri mynd og hve mikill almennur áhugi er á þeim, enda eru jákvæð áhrif íþróttar á heilsu og heilbriggt lífni ótvíræð. En samfara aukinni útbreiðslu almenningsíþróttar, þar sem áherslan er gjarnan á að „vera með“, hefur keppnisharkan aukist í atvinnuíþróttum vegna þrotlausrar kröfu um árangur, sigra og met. Við slíkar aðstæður er hætt við að kappið beri fegurðina ofurliði, sigurlaunin og frægðarljóminn blindi íþróttaiðkendum sýn.

Samhliða þessari þróun hefur fjárhagsleg og pólitísk þýðing íþróttar vaxið jafnt og þétt. Það líður vart sá dagur að ekki sé fjallað í fréttum um kaup og sölu íþróttamanna fyrir svimandi

háar fjárhæðir, birtir eru listar yfir tekjuhæsta íþróttafólk heims, sýningarréttur á íþróttaviðburðum gengur kaupum og sölum fyrir gífurlega fjármuni, fjárfestar sölsa undir sig heil íþróttafélög í hagnaðarskyni, veðmálabrask og mútugreiðslur aukast og hafa áhrif á úrslit kappleikja og ákvarðanir um staðsetningu stórra íþróttaviðburða, svo dæmi séu tekin.

Eftir því sem sértækir hagsmunir hafa meiri áhrif á íþrótt heiminn eiga hin almennu siðferðilegu gildi íþróttanna í auknum mæli undir högg að sækja. Allt eru þetta jafnframt ný viðfangsefni íþróttasiðfræðinnar og þeim fylgja áleitnar spurningar, s.s. um þátttöku barna í keppnisíþróttum, kynjamisrétti í íþróttastarfi, notkun lyfja til að bæta árangur, veðmál, spillingu og mútur, svo nokkuð sé nefnt.

Til allrar hamingju lifir hinn upprunalegi íþróttandi þó enn góðu lífi og virðingin fyrir siðferðilegu inntaki íþróttanna stendur víða traustum fótum. Lifandi vitnisburður um það er glæsilegur árangur íslenskra íþróttamanna og -kvenna á síðustu árum, en sýnt hefur verið fram á það með góðum rökum að þessi árangur er ekki síst því að þakka að lögð hefur verið rækt við siðferðilegar dygðir íþróttanna í æskulýðs- og íþróttastarfi héraendis og er vonandi að svo verði áfram um ókomna tíð.

Íþróttir geta því laðað fram það besta og það versta í fari okkar. Það er verðugt og krefjandi verkefni fyrir íþróttahreyfinguna og

sérfræðinga á þessu sviði að stuðla að því íþróttir hafi áfram jákvæð og uppbyggileg áhrif, ekki síst á börn og ungmenni, en um leið á allt samfélag okkar. Forsenda þess að svo megi verða er að gott siðferði ríki í íþróttum.

Góðir gestir, ég þakka fyrir mig og segi ráðstefnuna setta.